

ákvæðisins hafi verið í samræmi við þann skilning, sem hann krefst að verði viðurkenndur. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Sigurður Líndal, Guðmundur V. Jósefsson og Ragnar Ólafsson.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands vegna Félags matreiðslumanna.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 1. ágúst 1975.

Nr. 2/1975. **Alþýðusamband Íslands vegna
Félags starfsfólks í veitingahúsum**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

**Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda
vegna Hótels Loftleiða**
(Einar Árnason hdl.).

D ó m a r a r :

Guðmundur Jónsson, Sigurður Líndal, Bjarni K. Bjarnason, Ragnar Ólafsson og Guðmundur Vignir Jósefsson.

Dæmt um upphafstíma vetrarleyfis.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 31. f. m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu útgefinni 16. janúar 1975.

Stefnandi málsins er Alþýðusamband Íslands vegna Félags starfsfólks í veitingahúsum.

Stefndi er Samband veitinga- og gistihúsaeigenda vegna

Hótels Loftleiða. Fyrir dóminum hafa lögmenn aðilja lýst því yfir, að ekki sé ágreiningur um, að Flugleiðir h/f beri ábyrgð á rekstri Hótels Loftleiða.

Dómkröfur stefnanda eru þær, „að viðurkenndur verði með dómi sá skilningur stefnanda á kjarasamningi aðilja frá 23. september 1974, að vetrarfrí samkvæmt 4. gr. samningsins skuli jafnan hefjast að lokinni vaktasyrpu, þ. e. að loknum frídögunum í vaktasyrpunni“. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Í stefnu lýsir stefnandi málavöxtum þannig:

„Málsatvik eru þau, að nokkur undanfarin ár, þ. e. frá 1971, hafa verið í gildi milli aðilja sérsamningar um kjör starfsstúlkna í kaffiteríu Hótels Loftleiða. Samkvæmt þeim samningum hafa starfsstúlkur þær, sem samningarnir taka til, fengið vetrarfrí í stað sérstakrar greiðslu fyrir unna há-tíðisdaga, einn dag fyrir hvern unninn mánuð á undanfarandi ári. Stúlkur þessar vinna á 12 stunda vöktum, fjóra daga í senn, en eiga síðan frí í fjóra daga, þannig að hver vaktasyrpa nær yfir átta daga tímabil. Það skiptir stúlkur þessar máli, hvort vetrarfrí hefist að afloknu vaktarfrí eða t. d. eftir tvo fyrstu vinnudagana á vaktinni, því í fyrra tilvikinu fá þær 16 daga samfellt frí, en í því síðara aðeins 14 daga, og er þá í báðum tilvikum miðað við stúlku, sem unnið hefur í fullt ár. Framkvæmd umrædds ákvæðis hefur og frá upphafi verið sú, að vetrarfrí hæfist í lok vaktarfrís, en með reglum, dagsettum 28. nóvember sl. og úthlutun vetrarleyfa veturinn 1974—1975, hefur hið stefnda hótél breytt frá þeirri framkvæmd, en því vill stefnandi ekki una, og er því mál þetta höfðað“.

Í samningi þeim, sem gerður var 23. september 1974 og stefnandi vitnar til, segir svo í 4. gr.:

„Í stað sérstakrar greiðslu fyrir unna frídaga skv. 6. mgr. 2. gr. kjarasamnings F.S.V. og S.V.G. skal starfsfólk það, sem hér um ræðir, fá vetrarfrí, 1 dag fyrir hvern unninn mánuð á undanfarandi ári“.

Krafa stefnanda er í fyrsta lagi studd þeim rökum, að

samningur sá, sem gerður var 23. september 1974 og nú er í gildi, hafi að geyma óbreytt ákvæði um vetrarfrí frá því sem var í fyrsta samningi aðiljanna um þetta efni frá 1971. Framkvæmd ákvæðanna um vetrarfrí hafi verið sú, að þau hafi byrjað í lok vaktarsyrpu, þ. e. að loknum frídögum í vaktarsyrpunni. Við gerð samningsins 23. september 1974 hafi verið litið svo á af hálfu sóknaraðilja, að tekið væri mið af fyrri framkvæmd og ákvæði hins nýja samnings yrðu framkvæmd á sama hátt og verið hefði undanfarin þrjú ár. Því væri óheimilt að breyta þeirri framkvæmd, nema um annað hefði verið samið. Til frekari rökstuðnings hefur verið bent á það af hálfu stefnanda, að á samningafundi í kjaradeilu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags starfsfólks í veitingahúsum, sem haldinn hefði verið 16. nóvember 1973, hafi sambandið óskað þess, að félagið viðurkenndi tiltekna aðferð við útreikning orlofs, sem framkvæmdastjóri Hótel Loffleiða hafi viljað beita og falið í sér breytingu á fyrri framkvæmd. Hafi framkvæmdastjórinn við samningaviðræðurnar lagt fram skjöl, sem sýndu þennan útreikning. Beiðni þessari hafi verið hafnað og hafi hún ekki heldur verið rædd við undirskrift samningsins 23. september 1974. Því liti sóknaraðili svo á, að samningurinn frá 23. september 1974 taki ótvírætt mið af fyrri framkvæmd vetrarfría, þ. e. að þau hefjist að loknum frídögum í vaktasyrpu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að kjarni ágreinings aðiljanna sé, hvernig skilja beri 4. tl. samkomulagsins frá 23. september 1974, þ. e. hvort þar sé átt við almanaksdaga eða virka daga. Í orlofslögum sé rætt um „24 virka daga í orlof“, en þar séu hins vegar ekki ákvæði um vaktavinnu. Það atriði virðist látið aðiljum eftir til skynsamlegrar úrlausnar í samræmi við anda laganna. Sé til þess ætlazt samkvæmt orlofslögum, að þeir, sem vinni afbrigðilegan vinnutíma, eins og t. d. vaktavinnu, eigi að fá orlof í réttu hlutfalli við vinnuframlag sitt talið í klukkustundum og skuli sama gilda um veikindadaga og svokölluð vetrarleyfi. Þó sé sá munur á, að í samningum, lögum og reglugerðum séu veikindadagar almennt reiknaðir í dögum eða mánuðum, þ. e. 14 dagar sama og 2 vikur, mánuður sama og 30 dagar og 60

dagur sama og 2 mánuðir. Í 4. t. samkomulagsins frá 23. september 1974 sé ekki talað um virka daga og því geti ákvæðið ekki merkt neitt annað en almanaksdaga, enda séu allir dagar ársins vinnudagar, er um sé að ræða vaktavinnu, sem sé unnin alla daga. Vetrarfríin séu endurgjald fyrir svokallaða aukahelgidaga, sem almennt hafi verið taldir 12, þ. e. 11 heilir dagar og tveir hálfir dagar. Þá hafi ekki verið tekið tillit til þess, að 6 þessara daga geti fallið á alla daga vikunnar. Augljóst sé, að vegna vaktafyrirkomulagsins, þ. e. 4 vinnudagar og 4 fridagar, vinni hver einstaklingur aðeins helming þessara helgidaga, en af því leiði að 6 (nánar 5.6) unnir aukahelgidagar séu greiddir með 12 daga fríi, en vegna vaktafrína verði þessir fjarvistardagar 14. Sé þessi skilningur staðfestur með ákvæðum samninga við önnur stéttarfélag, enda sé sú regla, sem varnaraðili vilji við hafa, ríkjandi við gerð kjarasamninga um sama efni. Í reynd sé stefnandi að krefjast 20 daga fjarvistar frá vinnustað, en ekki 16, því að samkvæmt kröfugerð eigi starfsmaður að byrja að vinna að loknu vetrarfríi í upphafi vaktafríis sinnar vaktar, en það hafi í för með sér, að hann verði að byrja að vinna á aumari vakt en þeirri, sem hann vann á, áður en vetrarfrí hófst, en slíkt sé illfrankvæmanlegt og hafi reynslan sýnt, að það sé andstætt vilja starfsfólksins. Í raun og veru skipti engu, hvort vetrarfrí hefjist eða ljúki á vinnuskyldu vaktasyrpunnar. Hvort tveggja leiði til sömu niðurstöðu um dagafjölda fjarvistar af vinnustað og megi því einu gilda hvor leið sé farin. Hins vegar hafi varnaraðili umfram skyldu ávallt hagað vetrarfríum starfsmanna á þann veg, hvort sem þeir hafa starfað heilt ár eða hluta úr ári, að fríin hafi fallið saman við vaktafríin. Hvorki finnist stoð í lögum um orlof né samningum um orlof og vetrarfrí, að vinnuveitandi sé bundinn skyldu um það, á hvaða vikudegi eða vaktasyrpuþegi leyfi skuli hefjast, enda sé það samkvæmt eðli málsins, að slíkt sé gert á haganlegan og skynsamlegan hátt, án þess að það sé bundið föstum reglum.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að í skjölum þeim, sem framkvæmdastjóri Hótelis Loftleiða lagði fram á samningafundi 16. nóvember 1973, hafi falizt nein krafa um viður-

kenningu á útreikningi hans á orlofi, heldur hafi þar einungis verið um skýringar að ræða. Því eigi þau ekki að hafa nein áhrif á úrslit málsins.

Í málinu hafa verið lögð fram ýmiss gögn um útreikning orlofs og vetrarleyfa, en ekki þykir ástæða til að rekja efni þeirra.

Álit dómsins:

Svo sem fram er komið, beinist kröfugerð stefnanda eingöngu að því, að vetrarleyfi samkvæmt samningnum frá 23. september 1974 skuli jafnan hefjast að lokinni vaktasyrpu, þ. e. að loknum frídögum vaktasyrpu. Í samningnum eru ekki ákvæði um það, hvenær vetrarleyfi skuli hefjast. Ekki verður talið gegn mótmælum stefnda, að í framkvæmd hafi skapast regla um veitingu vetrarleyfa, sem bindi hann. Þá er ósannað, að skjöl þau, sem lögð hafa verið fram í málinu og talið er, að framkvæmdastjóri Hótelis Loftleiða hafi sýnt við samningaumleitunar aðilja 16. nóvember 1973 séu í slíkum tengslum við samningsgerðina, að þau eigi að hafa áhrif á úrslit málsins.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 87/1971 um orlof hefur atvinnurekandi endanlegt úrskurðarvald um, hvenær launþegi skuli hefja orlof á orlofstíma. Telja verður að sama gildi um vetrarleyfi samkvæmt samningi aðiljanna frá 23. september 1974. Er því ekki unnt að taka kröfu stefnanda til greina. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Sigurður Líndal, Ragnar Ólafsson og Guðmundur Vignir Józefsson.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda vegna Hótelis Loftleiða, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands vegna Félags starfsfólks í veitingahúsum.

Málskostnaður fellur niður.